

Ársskýrsla stjórnar Sambands orkusveitarfélaga á Íslandi 2011.

Samband orkusveitarfélaga á Íslandi var stofnað 25. nóvember 2011 í Hafnarfirði. Á stofnfundinum lá fyrir samþykki frá 17 sveitarfélögum um aðild að sambandinu. Þau voru: Ásahreppur, Bláskógarbyggð, Fjótshérað, Flóahreppur, Grindavík, Grímsnes og Grafningshreppur, Hafnarfjarðarbær, Hrunamannahreppur, Húnavatnshreppur, Rangárþing ytra, Reykjanesbær, Seltjarnarnesbær, Seyðisfjörður, Skeiða-og Gnúpverjahreppur, Skútustaðahreppur, Sveitarfélagið Ölfus, og Þingeyjarsveit. Á árinu bættust svo Fljótshreppur, Fjarðarbyggð og Norðurþing.

Í stjórn samtakanna voru kjörin: Tryggvi Harðarson, Þingeyjarsveit, Stefán Bogi Sveinsson, Fljótshéraði, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Grindavík, Gunnar Axel Axelsson, Hafnarfirði, Eydís Þ. Indriðadóttir, Ásahreppi, Sigríður Lára Ásbergsdóttir, Ölfusi og Jens Pétur Jenssen, Húnavatnshreppi. Varamenn eru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfirði, Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes og Grafningshreppi, Dagbjört Bjarnadóttir, Skútustaðahreppi og Árni Sigfússon, Reykjanesbæ.

Árgjald fyrir hvert aðildarsveitafélag var ákveðið eftir íbúafjölda sveitarfélaganna: 100.000 kr þar sem íbúafjöldi er allt að 5.000 íbúum. 200.000 kr. þar sem íbúafjöldi er 5.000 – 10.000 íbúar og 300.000 kr þar sem íbúafjöldi er meiri en 10.000 íbúar. Samtals voru greiddar 2. 400.000 kr í árgjöld til samtakanna.

Stjórnin hélt 1 fund á árinu 2011. Var hann haldinn í Grindavík. Í tengslum við fundinn var boðið upp á skoðunarferð í Svartsengi og skoðuð þar orkumannvirki. Á fyrsta fundi stjórnar var eftirfarandi verkaskipting ákveðin: Tryggvi Harðarson formaður, Eydís Þ. Indriðadóttir varaformaður, Bryndís Gunnlaugsdóttir ritari og Stefán Bogi Sveinsson gjaldkeri.

Samið var við Samband íslenskra sveitarfélaga um utanumhald um fjármál og pappíra fyrir samtökin auk þess sem tengill á heimasíðu sambandsins nýtist til upplýsingamiðlunar. Lögð var fram dagskrá fyrir stjórnarfundi sem haldnir voru í heimasveitarfélögum stjórnarmanna. Markmiðið var að stjórnarmenn kynntu sitt svæði og um leið fengist samanburður og yfirsýn yfir orkumannvirki á Íslandi og umfang þeirra.

Skarphéðinn Pétursson hjá Veritas lögmönnum var fengin til þess að gera samantekt um lagaumhverfið sem orkufyrirtækjum er búið á Íslandi og þær undanþágur sem gefnar eru af innheimtu fasteignaskatts af orku og flutningsmannvirkjum.

Árið 2012 voru haldnir stjórnarfundir í Blöndustöð, Ölfusi, á Egilstöðum og í Hrauneyjum. Formaður og varaformaður heimsóttu auk þess svæðisþing sambærilegra samtaka í Noregi sem starfrækt hafa verið s.l. 27 ár og sinnt hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og samskiptum við ríkisvaldið og orkukaupendur. Var ákveðið í framhaldi af þeirri heimsókn að efna til ráðstefnu á Íslandi haustið 2012 með aðkomu iðnaðarráðuneytis, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Til þess að kynna m.a. tilgang samtakanna og bera saman það lagaumhverfi sem orkufyrirtæki eru rekin í hér á landi í samanburði við norðurlöndin.

Tryggvi Harðarson hætti formennsku í lok apríl 2012 eftir að hann lét af störfum sem sveitarstjóri Þingeyjarsveitar. Varaformaður Eydís Þ. Indriðadóttir hefur gegnt formenskunni síðan þá og Arnbjörg Sveinsdóttir sem var 1. varamaður kom í stað Tryggva inn í stjórnina. Tryggvi hefur verið

verkefnaráðinn til þess að undirbúa ráðstefnunna sem áætlað að haldin verði í nóvember 2012 og gerður við hann samningur þar um.

Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður SO.